



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USKR2021020121  
06.10.2021

### Bryggjugata vistgata

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að Bryggjugata verði merkt sem vistgata.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.



Mynd 1 – Bryggjugata við Austurhöfn

### Greinargerð

Bryggjugata er stutt gata fyrir alla ferðamáta sem liggur samsíða Reykjastræti og Austurbakka frá Geirsgötu að Austurhöfn. Gatan gegnir mikilvægu hlutverki sem aðkomugata fyrir aðföng og fólk að hóteli, íbúðum og verslunum við Austurhöfn. Við hönnun götunnar var tekið mið af því að um hana muni fara mismunandi ferðamátar, t.a.m. í tengslum við nálægð við Hörpu, hótél, höfnina og miðborgina. Yfirborð svæðisins er hellulagt og gróðurrikt. Töluvert er um að ökutækjum sé lagt í götunni, en vegna tilgangs hennar og nálægðar við bílakjallara er ekki gert ráð fyrir bílastæðum í götunni.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Bjarni Rúnar Ingvarsson  
Ráðgjafaverkfræðingur